

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 10. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga föstudaginn 26. október árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Varaformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200710122 – Umsókn um leyfi til að setja risþak á gistiskála við íbúðarhús Björns G. Yngvasonar á Skútustöðum**  
Gistiskálarnir fengu stöðuleyfi til eins árs árið 2004. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni.  
*Byggingarnefnd hafnar erindinu á þeirri forsendu að stöðuleyfið sé útrunnið.*
2. **200710120 – Umsókn um stækkun á veitingasal Sel-Hótel Mývatns að Skútustöðum**  
Viðbyggingin er 29,4 m<sup>2</sup>, til suðurs frá núverandi veitingasal. Byggingarefni timbur. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að brunavarnir séu fullnægjandi.*
3. **200710098 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við móttökuhús, salernishús og útiaðstöðu Baðfélags Mývatnssveitar**  
Teikningar eru unnar af Halldóri Gíslasyni arkitekt.  
*Byggingar- og skipulagsnefnd telur fyrirhugaðar byggingar í samræmi við samþykkt deiliskipulag og samþykkir því erindið með fyrirvara um skil á fullnægjandi teikningum, samþykki Heilbrigðiseftirlits, Eldvarnareftirlits og Vinnueftirlits.*
4. **200709278 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Stangar, Skútustaðahreppi**  
Arna Jakobín Björnsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Stangar 1. Húsið er timburhús 64,7 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar á Opus ehf.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga og Fornleifaverndar.*
5. **200709267 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við bílskúr, breyttu þaki bílskúrs og gróðurhús að Skútahrauni 15, Skútustaðahreppi**  
Friðrik L. Jóhannesson sækir um stækkun bílskúrs og að breyta jafnframt þaki í risþak. Einnig sækir hann um leyfi til að byggja gróðurhús á lóðinni  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið ef ekki koma fram athugasemdir eftir grenndarkynningu.*
6. **200709137 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 7 við Arnstapa, Þingeyjarsveit**  
Geir Guðmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús. Húsið er timburhús 75,5 m<sup>2</sup> að stærð. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.  
*Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins og óskar jafnframt eftir umsögn Umhverfis- og skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

7. **200709173 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Hólsgærði, Þingevjarsveit**  
Þorgils Jóhannesson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Hólsgærði. Stækkun er 43,9 m<sup>2</sup> byggt úr steinsteypu. Jafnframt er óskað eftir leyfi til breytinga á eldri hluta, klæða húsið utan og setja hurð og glugga á súrheysturn.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með þeim fyrirvara að umsækjandi skili inn jákvæðri umsögn Fornleifaverndar.*
8. **200710082 – Ósk um umsögn vegna leyfisveitingar til handa Flugleiðahótelu ehf. til reksturs Hótel Eddu á Stortjörnum**  
Sýslumaður Þingeyinga óskar eftir umsögn nefndarinnar.  
*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.*

Fleira ekki bókað.  
Fundir slitið kl. 15<sup>45</sup>.

Eiður Árnason  
Kristján Snæbjörnsson  
Helgi Hallsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi